Landsvirkjun

01.01.–30.06. 2020

# Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar



# Lykilstærðir

## Rekstrartekjur




## Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði




## Handbært fé frá rekstri




## Nettó skuldir







**15** Vatnsaflsstöðvar

**3** Jarðvarmastöðvar

**2** Vindmyllur

**3.360 km** Háspennulínur

**2.146 MW** Uppsett afl

S&P Global Ratings BBB

Moody's Baa1

HEIMSMARKMIÐIN Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

2019 Framúrskarandi fyrirtæki

JAFNLAUNAMERKIÐ



*Fjárhæðir eru í milljónum USD*

# Efnisyfirlit

Helstu upplýsingar, framsetning stjórnenda á rekstri Landsvirkjunar ............ 4

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra ............ 5

Könnunaráritun óháðra endurskoðenda ............ 7

Rekstrarreikningur ............ 8

Yfirlit um heildarafkomu ............ 9

Efnahagsreikningur ............ 10

Eiginfjáryfirlit ............ 11

Sjóðstreymisyfirlit ............ 12

Skýringar ............ 13

# Helstu upplýsingar - ókannað

## Framsetning stjórnenda á rekstri Landsvirkjunar

**Fjárhæðir í þúsundum USD**

| | 2020<br>1.1.-30.6. | 2019<br>1.1.-30.6. | 2018<br>1.1.-30.6. | 2017<br>1.1.-30.6. | 2016<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstur** | | | | | |
| Rekstrartekjur | 223.281 | 255.523 | 273.946 | 234.172 | 204.452 |
| Innleystar áhættuvarnir tengdar álverði | 3.819 | 4.195 | ( 4.402) | ( 1.812) | 2.475 |
| **Rekstrartekjur samtals** | 227.100 | 259.718 | 269.544 | 232.360 | 206.927 |
| Rekstrar- og viðhaldskostnaður | ( 63.714) | ( 61.525) | ( 71.789) | ( 64.676) | ( 51.720) |
| **Rekstrarhagnaður án afskrifta (EBITDA )** | 163.386 | 198.193 | 197.755 | 167.684 | 155.207 |
| Afskriftir og virðisrýrnun | ( 63.848) | ( 67.400) | ( 61.839) | ( 58.321) | ( 58.471) |
| **Rekstrarhagnaður (EBIT)** | 99.538 | 130.793 | 135.916 | 109.363 | 96.736 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | ( 30.097) | ( 34.402) | ( 49.192) | ( 34.231) | ( 32.256) |
| **Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði** | 69.441 | 96.391 | 86.724 | 75.132 | 64.480 |
| **Óinnleystir fjármagnsliðir:** | | | | | |
| Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða | ( 19.626) | 765 | ( 29.133) | 35.816 | 14.391 |
| Gangvirðisbreytingar annarra afleiða | ( 29) | ( 3.431) | 14.046 | ( 2.951) | ( 2.908) |
| Óinnleystur gjaldeyrismunur | 9.824 | 8.419 | 10.037 | ( 48.495) | ( 20.914) |
| | ( 9.831) | 5.753 | ( 5.050) | ( 15.630) | ( 9.431) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | 59.610 | 102.144 | 81.674 | 59.502 | 55.049 |
| Tekjuskattur | ( 19.026) | ( 33.586) | ( 27.167) | ( 19.789) | ( 20.216) |
| **Hagnaður tímabilsins** | 40.584 | 68.558 | 54.507 | 39.713 | 34.833 |
| **Efnahagur** | **30.6.2020** | **30.6.2019** | **30.6.2018** | **30.6.2017** | **30.6.2016** |
| Eignir samtals | 4.332.388 | 4.355.140 | 4.486.572 | 4.379.436 | 4.233.437 |
| Eigið fé samtals | 2.201.115 | 2.191.134 | 2.099.502 | 1.995.963 | 1.937.653 |
| Skuldir samtals | 2.131.273 | 2.164.006 | 2.387.070 | 2.383.473 | 2.295.784 |
| Nettó skuldir * | 1.631.302 | 1.758.546 | 1.992.640 | 2.017.227 | 1.946.033 |
| **Sjóðstreymi** | **1.1.-30.6.** | **1.1.-30.6.** | **1.1.-30.6.** | **1.1.-30.6.** | **1.1.-30.6.** |
| Veltufé frá rekstri (FFO) | 138.561 | 166.178 | 154.955 | 134.136 | 123.905 |
| Handbært fé frá rekstri | 129.654 | 159.892 | 149.239 | 142.366 | 123.841 |
| Fjárfestingar | ( 40.201) | ( 32.255) | ( 96.656) | ( 117.767) | ( 51.132) |
| Fjármögnun | ( 92.586) | ( 165.788) | ( 66.682) | ( 62.681) | ( 103.290) |
| **Lausafé** | **30.6.2020** | **30.6.2019** | **30.6.2018** | **30.6.2017** | **30.6.2016** |
| Handbært fé | 105.523 | 76.547 | 111.802 | 108.807 | 113.200 |
| Óádregin lán | 180.000 | 346.417 | 379.224 | 401.840 | 504.298 |
| Lausafé alls | 285.523 | 422.964 | 491.026 | 510.647 | 617.498 |
| **Kennitölur** | | | | | |
| Arðsemi eiginfjár ** | 3,9% | 6,4% | 6,2% | 3,7% | 3,1% |
| Eiginfjárhlutfall | 50,8% | 50,3% | 46,8% | 45,6% | 45,8% |
| Vaxtaþekja (EBITDA/ nettó vaxtagjöld) ** | 5,38x | 5,70x | 4,77x | 5,32x | 4,87x |
| Veltufé frá rekstri / nettó skuldir ** | 17,5% | 18,6% | 15,2% | 12,2% | 12,0% |
| Veltufé frá rekstri / vaxtagjöld ** | 4,36x | 4,58x | 3,71x | 3,95x | 3,53x |
| Nettó skuldir / EBITDA ** | 4,79x | 4,51x | 5,30x | 6,42x | 6,33x |
| **Lánshæfiseinkunn án ríkisábyrgðar í lok júní** | | | | | |
| Standard & Poor's | BBB | BBB | BBB | BBB | BBB- |
| Moody's | Baa1 | Baa2 | Baa2 | Baa3 | Ba1 |

* Nettó skuldir eru vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé

** Kennitölur miðast við síðustu 12 mánuði

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Tilgangur Landsvirkjunar er að stunda starfsemi á orkusviði ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Árshlutareikningur fyrirtækisins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2020 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal *IAS 34* um árshlutareikninga og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga og hefur að geyma samandreginn samstæðuárshlutareikning fyrirtækisins sem tekur, auk móðurfélagsins til fjögurra dótturfélaga, Landsnets hf., Orkufjarskipta hf., Icelandic Power Insurance Ltd., og Landsvirkjunar Power ehf.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu janúar til júní 2020 40,6 milljónum USD, en hagnaður samstæðunnar á sama tímabili árið 2019 var 68,6 milljónir USD. Breytingin á milli tímabila nemur 28,0 milljónum USD. Tekjur samstæðunnar námu 227,1 milljón USD á tímabilinu en voru 259,7 milljónir USD á sama tímabili árið áður. Helstu breytingar í fjármagnsliðum eru vegna þess að gangvirðisbreytingar afleiðusamninga voru neikvæðar um 19,7 milljónir USD á tímabilinu en voru neikvæðar um 2,7 milljónir USD á sama tímabili árið áður. Vaxtagjöld voru 30,9 milljónir USD á tímabilinu en voru 36,0 milljónir USD á sama tímabili árið áður. Handbært fé frá rekstri var 129,7 milljónir USD á tímabilinu en var 159,9 milljónir USD á sama tímabili árið áður. Í lok júní 2020 nam handbært fé samstæðunnar samtals 105,5 milljónum USD og óádregin lán 180,0 milljónum USD eða alls 285,5 milljónir USD. Eigið fé samstæðunnar í lok júní var 2.201,1 milljón USD samkvæmt efnahagsreikningi en 2.235,4 milljónir USD í árslok 2019.

### Áhrif COVID-19 faraldursins á afkomu og stöðu Landsvirkjunar

COVID-19 veirufaraldurinn hefur haft umfangsmikil áhrif á rekstrarumhverfi Landsvirkjunar sem hefur unnið markvisst að því að takmarka þessi áhrif. Áhersla hefur verið lögð á örugga vinnslu og afhendingu raforku, samhliða því að tryggja heilsu og öryggi starfsmanna. Auk þess vinnur Landsvirkjun að því að styðja við viðskiptavini á stórnotendamarkaði með því að bjóða þeim sérstök viðskiptakjör í 6 mánuði, frá 1. maí til 31. október 2020. Þetta felur í sér lækkun raforkuverðs um allt að 25%.

Afurðaverð stærstu viðskiptavina Landsvirkjunar (t.d. verð á áli og kísilmálmi) hefur farið lækkandi undanfarin misseri, m.a. vegna offramleiðslu og birgðasöfnunar, samhliða því að raforkuverð á erlendum raforkumörkuðum hefur lækkað vegna lækkandi verðs á jarðefnaeldsneyti og minnkandi eftirspurnar á þessu ári vegna COVID-19. Þessi þróun hefur sett þrýsting á rekstrartekjur Landsvirkjunar sem eru 33 milljónum USD lægri á fyrstu sex mánuðum ársins 2020 en þær voru á sama tíma árið 2019. Rekstrartekjur á öðrum ársfjórðungi lækka um 26 milljónir USD frá sama tímabili árið áður og 25 milljónir USD frá fyrsta ársfjórðungi ársins 2020. Hagnaður fyrstu sex mánuði ársins er 28 milljónum USD lægri en á sama tímabili árið áður og eru það meðal annars lægri vaxtagjöld sem vega á móti áhrifum lægri tekna.

Undanfarin ár hefur Landsvirkjun lagt mikla áherslu á að styrkja efnahagsstöðu sína. Með því að greiða markvisst niður skuldir og hækka þar með eiginfjárhlutfall er fyrirtækið í sterkri stöðu til að takast á við þær aðstæður sem nú hrjá íslenskt samfélag og efnahagslíf.

### Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. júní 2020, rekstrarafkomu og breytingu á handbæru fé á tímabilinu janúar til júní 2020.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar fyrir tímabilið janúar til júní 2020 gefi glöggt yfirlit um árangur af rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og þróun og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

Stjórn og forstjóri hafa í dag farið yfir samstæðuárshlutareikning fyrirtækisins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2020 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 21. ágúst 2020.

Í stjórn félagsins:
Jónas Þór Guðmundsson
Álfheiður Ingadóttir
Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir
Gunnar Tryggvason
Jón Björn Hákonarson

Forstjóri:
Hörður Arnarson

# Könnunaráritun óháðra endurskoðenda

### Til stjórnar og eigenda Landsvirkjunar

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning Landsvirkjunar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2020. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnar og forstjóra á árshlutareikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga.

### Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

### Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

### Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að samandregni samstæðuárshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á tímabilinu, efnahag hennar 30. júní 2020 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga.

Reykjavík, 21. ágúst 2020.

***Deloitte ehf.***

Þorsteinn Pétur Guðjónsson
endurskoðandi

Pétur Hansson
endurskoðandi

# Rekstrarreikningur

| | Skýr. | 2020<br>1.1.-30.6. | 2019<br>1.1.-30.6. | 2020<br>F2* | 2019<br>F2* |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | | |
| Raforkusala | 6 | 182.011 | 210.962 | 79.971 | 103.833 |
| Innleystar áhættuvarnir tengdar álverði | | 3.819 | 4.195 | 2.543 | 2.426 |
| Flutningstekjur | 6 | 37.838 | 40.734 | 17.887 | 19.554 |
| Aðrar tekjur | | 3.432 | 3.827 | 537 | 748 |
| | | 227.100 | 259.718 | 100.938 | 126.561 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | |
| Orkusvið | | 69.357 | 69.828 | 34.070 | 34.866 |
| Flutningskerfi | | 34.825 | 30.524 | 16.385 | 15.789 |
| Almennar rannsóknir | | 3.981 | 7.696 | 1.944 | 3.788 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 19.399 | 20.877 | 9.031 | 10.080 |
| | | 127.562 | 128.925 | 61.430 | 64.523 |
| **Rekstrarhagnaður** | | 99.538 | 130.793 | 39.508 | 62.038 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | | | |
| Vaxtatekjur | | 1.003 | 1.689 | 240 | 846 |
| Vaxtagjöld | | ( 30.882) | ( 35.981) | ( 14.713) | ( 17.783) |
| Gjaldeyrismunur | | 9.709 | 8.397 | ( 9.618) | ( 67) |
| Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða | | ( 19.626) | 765 | 4.166 | ( 6.077) |
| Gangvirðisbreytingar annarra afleiðusamninga | | ( 29) | ( 3.431) | ( 5.931) | 1.571 |
| | 7 | ( 39.825) | ( 28.561) | ( 25.856) | ( 21.510) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | ( 103) | ( 88) | ( 106) | ( 53) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | 59.610 | 102.144 | 13.546 | 40.475 |
| Tekjuskattur | | ( 19.026) | ( 33.586) | ( 4.475) | ( 13.078) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | 40.584 | 68.558 | 9.071 | 27.397 |
| **Skipting hagnaðar** | | | | | |
| Eigendur móðurfélags | | 35.876 | 61.591 | 7.568 | 24.328 |
| Minnihluti í dótturfélögum | | 4.708 | 6.967 | 1.503 | 3.069 |
| | | 40.584 | 68.558 | 9.071 | 27.397 |

* Ársfjórðungsuppgjör hafa ekki verið könnuð af endurskoðendum samstæðunnar.

Skýringar nr. 1 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

# Yfirlit um heildarafkomu

| | 2020<br>1.1.-30.6. | 2019<br>1.1.-30.6. | 2020<br>F2* | 2019<br>F2* |
|---|---|---|---|---|
| **Hagnaður tímabilsins.....................................................** | 40.584 | 68.558 | 9.071 | 27.397 |
| **Liðir færðir beint á eigið fé sem munu ekki vera færðir síðar í rekstrarreikning:** | | | | |
| Lífeyrisskuldbinding að frádregnum tekjuskatti, br. ...... | ( 909) | ( 1.032) | ( 583) | ( 515) |
| **Liðir færðir beint á eigið fé sem gætu verið færðir síðar í rekstrarreikning:** | | | | |
| Þýðingarmunur vegna dóttur- og hlutdeildarfélaga ...... | ( 1.873) | ( 1.366) | 533 | ( 242) |
| Rekstrarliðir færðir á eigið fé samtals | ( 2.782) | ( 2.398) | ( 50) | ( 757) |
| **Heildarhagnaður tímabilsins..........................................** | 37.802 | 66.160 | 9.021 | 26.640 |
| **Skipting heildarhagnaðar** | | | | |
| Eigendur móðurfélags .................................................. | 33.375 | 59.351 | 7.475 | 23.606 |
| Minnihluti í dótturfélögum .......................................... | 4.427 | 6.809 | 1.546 | 3.034 |
| | 37.802 | 66.160 | 9.021 | 26.640 |

* Ársfjórðungsuppgjör hafa ekki verið könnuð af endurskoðendum samstæðunnar.

Skýringar nr. 1 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

# Efnahagsreikningur

| Eignir | Skýr. | 30.6.2020 | 31.12.2019 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Rekstrarfjármunir | | 3.891.663 | 3.945.821 |
| Rekstrarfjármunir í byggingu | | 76.395 | 47.443 |
| Undirbúningskostnaður | | 135.026 | 133.610 |
| Aðrar óefnislegar eignir | | 48.373 | 48.234 |
| Afleiðusamningar | 8 | 1.682 | 6.429 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | | 780 | 626 |
| Aðrar langtímaeignir | | 640 | 984 |
| Fastafjármunir samtals | | 4.154.559 | 4.183.147 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Birgðir | | 5.203 | 5.248 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | 62.187 | 74.715 |
| Afleiðusamningar | 8 | 4.916 | 8.036 |
| Handbært fé | | 105.523 | 110.487 |
| Veltufjármunir samtals | | 177.829 | 198.486 |
| **Eignir samtals** | | 4.332.388 | 4.381.633 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Eigendaframlög | | 586.512 | 586.512 |
| Endurmatsreikningur | | 155.279 | 158.184 |
| Bundin hlutdeild | | 49.924 | 47.191 |
| Þýðingarmunur | | ( 43.162) | ( 41.570) |
| Annað eigið fé | | 1.313.462 | 1.347.066 |
| Eigið fé eigenda móðurfélagsins | | 2.062.015 | 2.097.383 |
| Hlutdeild minnihluta | | 139.100 | 138.016 |
| Eigið fé samtals | | 2.201.115 | 2.235.399 |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 9 | 1.548.676 | 1.543.288 |
| Lífeyrisskuldbindingar | | 32.802 | 36.863 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 169.301 | 160.295 |
| Leiguskuldbinding | | 4.948 | 5.675 |
| Skuldbindingar vegna niðurrifs | | 16.181 | 12.212 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | | 2.628 | 2.701 |
| Afleiðusamningar | 8 | 18.551 | 4.140 |
| | | 1.793.087 | 1.765.174 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | | 134.764 | 77.720 |
| Vaxtaberandi skuldir | 9 | 188.149 | 258.661 |
| Tekjuskattur til greiðslu | | 9.280 | 28.837 |
| Afleiðusamningar | 8 | 5.993 | 15.842 |
| | | 338.186 | 381.060 |
| Skuldir samtals | | 2.131.273 | 2.146.234 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 4.332.388 | 4.381.633 |

Skýringar nr. 1 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

# Eiginfjáryfirlit

| | Eigenda- framlög | Endurmats- reikningur | Bundin hlutdeild | Þýðingar- munur | Annað eigið fé | Eigið fé eigenda móðurfélags | Hlutdeild minnihluta | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. janúar til 30. júní 2019** | | | | | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2019 | 586.512 | 164.053 | 32.838 | (40.756) | 1.289.803 | 2.032.450 | 130.606 | 2.163.056 |
| Þýðingarmunur | | | | (1.208) | | (1.208) | (158) | (1.366) |
| Lífeyrisskuldbinding, br. | | | | | (1.032) | (1.032) | 0 | (1.032) |
| Hagnaður tímabilsins | | | | | 61.591 | 61.591 | 6.967 | 68.558 |
| Heildarhagnaður | | | | (1.208) | 60.559 | 59.351 | 6.809 | 66.160 |
| Arður | | | | | (35.672) | (35.672) | (2.410) | (38.082) |
| Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutd.félaga millif. | | | 8.540 | | (8.540) | 0 | 0 | 0 |
| Upplausn afskrifta af endurmati | | (2.936) | | | 2.936 | 0 | 0 | 0 |
| Eigið fé 30. júní 2019 | 586.512 | 161.117 | 41.378 | (41.964) | 1.309.086 | 2.056.129 | 135.005 | 2.191.134 |
| **1. janúar til 30. júní 2020** | | | | | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2020 | 586.512 | 158.184 | 47.191 | (41.570) | 1.347.066 | 2.097.383 | 138.016 | 2.235.399 |
| Þýðingarmunur | | | | (1.592) | | (1.592) | (281) | (1.873) |
| Lífeyrisskuldbinding, br. | | | | | (909) | (909) | 0 | (909) |
| Hagnaður tímabilsins | | | | | 35.876 | 35.876 | 4.708 | 40.584 |
| Heildarhagnaður | | | | (1.592) | 34.967 | 33.375 | 4.427 | 37.802 |
| Arður | | | | | (68.743) | (68.743) | (3.343) | (72.086) |
| Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutd.félaga millif. | | | 2.733 | | (2.733) | 0 | 0 | 0 |
| Upplausn afskrifta af endurmati | | (2.905) | | | 2.905 | 0 | 0 | 0 |
| Eigið fé 30. júní 2020 | 586.512 | 155.279 | 49.924 | (43.162) | 1.313.462 | 2.062.015 | 139.100 | 2.201.115 |

Skýringar nr. 1 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

# Sjóðstreymisyfirlit

| | 2020 1.1.-30.6. | 2019 1.1.-30.6. | 2020 F2* | 2019 F2* |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | |
| Rekstrarhagnaður | 99.538 | 130.793 | 39.508 | 62.038 |
| Afskriftir og virðisrýrnun | 63.848 | 67.400 | 31.893 | 33.704 |
| Lífeyrisskuldbinding, breyting | ( 860) | ( 916) | ( 417) | ( 461) |
| Skuldbinding vegna niðurrifs, breyting | 3.969 | 511 | 1.903 | 342 |
| Aðrar breytingar | 1 | ( 16) | 1 | ( 28) |
| Veltufé frá rekstri án fjármagnsliða | 166.496 | 197.772 | 72.888 | 95.595 |
| Rekstrartengdar eignir, breyting | 12.993 | 6.452 | 9.013 | 3.883 |
| Rekstrartengdar skuldir, breyting | ( 9.012) | ( 332) | ( 12.656) | ( 7.981) |
| Handbært fé frá rekstri án fjármagnsliða | 170.477 | 203.892 | 69.245 | 91.497 |
| Innborgaðar vaxtatekjur | 669 | 1.341 | 181 | 683 |
| Greidd vaxtagjöld og gjaldeyrismunur | ( 33.712) | ( 38.304) | ( 11.089) | ( 12.377) |
| Greiddir skattar | ( 7.780) | ( 7.037) | ( 4.095) | ( 3.900) |
| Handbært fé frá rekstri | 129.654 | 159.892 | 54.242 | 75.903 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | | |
| Aflstöðvar í rekstri | ( 8.525) | ( 16.530) | ( 3.950) | ( 7.532) |
| Fjárfesting í flutningsvirkjum | ( 28.344) | ( 10.684) | ( 15.553) | ( 5.302) |
| Virkjanaundirbúningur | ( 843) | ( 808) | ( 218) | 161 |
| Aðrar fjárfestingar | ( 2.504) | ( 4.478) | ( 1.212) | ( 1.876) |
| Seldar eignir | 15 | 245 | 4 | 126 |
| Fjárfestingarhreyfingar | ( 40.201) | ( 32.255) | ( 20.929) | ( 14.423) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | |
| Greiddur arður | ( 24.641) | ( 14.485) | ( 21.298) | ( 14.485) |
| Lántökur | 179.524 | 0 | 0 | 0 |
| Gjaldmiðlaskiptasamningar | ( 41.175) | 656 | 0 | 0 |
| Afborganir lána til langs tíma | ( 206.294) | ( 151.959) | ( 4.817) | ( 97.281) |
| Fjármögnunarhreyfingar | ( 92.586) | ( 165.788) | ( 26.115) | ( 111.766) |
| **Breyting á handbæru fé** | ( 3.133) | ( 38.151) | 7.198 | ( 50.286) |
| **Áhrif gengisbreytinga á handbært fé** | ( 1.831) | ( 1.580) | 1.533 | 398 |
| **Handbært fé í byrjun tímabils** | 110.487 | 116.278 | 96.792 | 126.435 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | 105.523 | 76.547 | 105.523 | 76.547 |
| **Fjárfestingar og fjármögnun án greiðsluáhrifa:** | | | | |
| Seld hlutabréf | 0 | 10.488 | 0 | 10.488 |
| Greiddur arður | 0 | ( 10.488) | 0 | ( 10.488) |

* Ársfjórðungsuppgjör hafa ekki verið könnuð af endurskoðendum samstæðunnar.

Skýringar nr. 1 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

# Skýringar

## Almennar upplýsingar

## 1. Landsvirkjun

Landsvirkjun er sameignarfyrirtæki sem er með starfsstöðvar sínar á Íslandi og eru höfuðstöðvar þess að Háaleitisbraut 68, Reykjavík. Landsvirkjun starfar á grundvelli laga nr. 42/1983 um fyrirtækið. Megintilgangur fyrirtækisins er að stunda starfsemi á orkusviði. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðu-árshlutareikning fyrirtækisins og dótturfélaga þess.

## 2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34 eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samandreginn árshlutareikningur Landsvirkjunar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2019.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2019 fyrir utan það að samstæðan hefur innleitt nýja alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu í upphafi tímabils 1. janúar 2020, breytingar á þeim og nýjar túlkanir. Samstæðan hefur ekki innleitt nýja eða endurbætta staðla sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi. Það er mat stjórnenda að innleiðing nýrra og endurbættra staðla og túlkana sem ekki hafa tekið gildi muni ekki hafa veruleg áhrif á samstæðuárshlutareikninginn. Hægt er að nálgast ársreikninginn fyrir árið 2019 á vef Landsvirkjunar www.landsvirkjun.is og á vef NASDAQ OMX Iceland; www.nasdaqomxnordic.com.

Árshlutareikningurinn er gerður í Bandaríkjadölum, sem er starfrækslumynt móðurfélagsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum Bandaríkjadala nema annað sé tekið fram.

## 4. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

## 5. Starfsþáttayfirlit

| Rekstrarstarfsþættir 1.1.-30.6.2020 | Orkuvinnsla | Orku-flutningur | Aðrir starfsþættir | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Tekjur frá þriðja aðila ............................ | 188.352 | 38.152 | 596 | | 227.100 |
| Tekjur innan samstæðu ......................... | 6.077 | 25.655 | 1.891 | ( 33.623) | 0 |
| Tekjur starfsþátta ................................. | 194.429 | 63.807 | 2.487 | ( 33.623) | 227.100 |
| Rekstrargjöld starfsþátta ....................... | ( 64.385) | ( 31.095) | ( 1.857) | 33.623 | ( 63.714) |
| EBITDA ................................................. | 130.044 | 32.712 | 630 | | 163.386 |
| Afskriftir og virðisrýrnun ....................... | ( 48.938) | ( 14.704) | ( 406) | 200 | ( 63.848) |
| Afkoma starfsþátta, EBIT ...................... | 81.106 | 18.008 | 224 | 200 | 99.538 |

# Skýringar, frh.:

| 5. **Starfsþáttayfirlit, frh.:** | **Orkuvinnsla** | **Orku- flutningur** | **Aðrir starfsþættir** | **Jöfnunar- færslur** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|
| Eignir starfsþátta 30.6.2020 | 3.724.325 | 875.078 | 19.038 | ( 286.833) | 4.331.608 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | 233 | 5.545 | 547 | ( 5.545) | 780 |
| Eignir samtals 30.6.2020 | 3.724.558 | 880.623 | 19.585 | ( 292.378) | 4.332.388 |
| Starfsþáttaskuldir 30.6.2020 | 1.646.915 | 486.237 | 5.056 | ( 6.935) | 2.131.273 |
| Skuldir samtals 30.6.2020 | 1.646.915 | 486.237 | 5.056 | ( 6.935) | 2.131.273 |

**Rekstrarstarfsþættir 1.1.-30.6.2019**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Tekjur frá þriðja aðila | 217.859 | 41.117 | 742 | | 259.718 |
| Tekjur innan samstæðu | 7.806 | 32.250 | 2.171 | ( 42.227) | 0 |
| Tekjur starfsþátta | 225.665 | 73.367 | 2.913 | ( 42.227) | 259.718 |
| Rekstrargjöld starfsþátta | ( 72.441) | ( 29.235) | ( 2.076) | 42.227 | ( 61.525) |
| EBITDA | 153.224 | 44.132 | 837 | | 198.193 |
| Afskriftir og virðisrýrnun | ( 52.320) | ( 14.754) | ( 532) | 206 | ( 67.400) |
| Afkoma starfsþátta, EBIT | 100.904 | 29.378 | 305 | 206 | 130.793 |
| Eignir starfsþátta 31.12.2019 | 3.864.603 | 845.797 | 22.101 | ( 351.494) | 4.381.007 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | 270 | 6.510 | 356 | ( 6.510) | 626 |
| Eignir samtals 31.12.2019 | 3.864.873 | 852.307 | 22.457 | ( 358.004) | 4.381.633 |
| Starfsþáttaskuldir 31.12.2019 | 1.751.794 | 460.995 | 5.863 | ( 72.418) | 2.146.234 |
| Skuldir samtals 31.12.2019 | 1.751.794 | 460.995 | 5.863 | ( 72.418) | 2.146.234 |

## 6. Rekstrartekjur

| Raforkusala greinist þannig: | **2020** 1.1.-30.6. | **2019** 1.1.-30.6. |
|---|---|---|
| Heildsala | 32.508 | 40.698 |
| Iðnaður | 149.503 | 170.264 |
| Raforkusala samtals | 182.011 | 210.962 |
| **Flutningstekjur greinast þannig:** | | |
| Orkuflutningur | 32.736 | 35.208 |
| Flutningstap, kerfisþjónusta og aðrar flutningstekjur | 5.102 | 5.526 |
| Flutningstekjur samtals | 37.838 | 40.734 |

## 7. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 1.003 | 1.689 |
| Vaxtagjöld | ( 30.834) | ( 34.735) |
| Ábyrgðargjald | ( 1.078) | ( 1.462) |
| Verðbætur | ( 506) | ( 637) |
| Eignfært á nýbyggingar | 1.536 | 853 |
| Vaxtagjöld samtals | ( 30.882) | ( 35.981) |
| Innleystur gjaldeyrismunur | ( 115) | ( 22) |
| Óinnleystur gjaldeyrismunur | 9.824 | 8.419 |
| Gjaldeyrismunur samtals | 9.709 | 8.397 |
| Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða | ( 19.626) | 765 |
| Gangvirðisbreyting annarra afleiðusamninga | ( 29) | ( 3.431) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | ( 39.825) | ( 28.561) |

## 8. Afleiðusamningar í efnahagsreikningi

Afleiðusamningar í efnahagsreikningi sundurliðast þannig:

| | 30.6.2020 | 31.12.2019 |
|---|---|---|
| **Eignir:** | | |
| Innbyggðir afleiðusamningar í raforkusamningum | 0 | 5.575 |
| Álvarnir | 6.585 | 3.656 |
| Gjaldmiðlasamningar | 13 | 5.234 |
| | 6.598 | 14.465 |
| Skipting afleiðusamninga er eftirfarandi: | | |
| Langtímahluti afleiðusamninga | 1.682 | 6.429 |
| Skammtímahluti afleiðusamninga | 4.916 | 8.036 |
| | 6.598 | 14.465 |
| **Skuldir:** | | |
| Innbyggðir afleiðusamningar í raforkusamningum | 16.915 | 2.864 |
| Álvarnir | 1.514 | 1.290 |
| Gjaldmiðlasamningar | 6.115 | 15.828 |
| | 24.544 | 19.982 |
| Skipting afleiðusamninga er eftirfarandi: | | |
| Langtímahluti afleiðusamninga | 18.551 | 4.140 |
| Skammtímahluti afleiðusamninga | 5.993 | 15.842 |
| | 24.544 | 19.982 |

## 9. Skuldir

Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig eftir gjaldmiðlum:

| | | 30.6.2020 | | 31.12.2019 | |
|---|---|---|---|---|---|
| | **Loka-gjalddagi** | **Meðal-vextir** | **Eftir-stöðvar** | **Meðal-vextir** | **Eftir-stöðvar** |
| Skuldir í ISK | 2020-2034 | 5,0% | 34.954 | 3,7% | 268.797 |
| Skuldir í CHF | 2020-2022 | 0,0% | 12.329 | 0,0% | 15.141 |
| Skuldir í EUR | 2024-2026 | 0,0% | 257.826 | 0,0% | 257.879 |
| Skuldir í USD | 2020-2035 | 3,6% | 1.431.716 | 3,8% | 1.260.132 |
| | | | 1.736.825 | | 1.801.949 |
| Afborganir næsta árs | | | ( 188.149) | | ( 258.661) |
| Skuldir til langs tíma samtals | | | 1.548.676 | | 1.543.288 |

Vaxtakjör af lánum eru á bilinu 0,0-5,0%. Að jafnaði voru nafnvextir á tímabilinu um 3,4%, að teknu tilliti til ríkisábyrgðargjalds (2019: 3,6%).

## 9. Skuldir, frh.:

Samkvæmt lánasamningum eru afborganir langtímaskulda eftirfarandi:

| | 30.6.2020 |
|---|---|
| 1.7.2020-30.6.2021 | 188.149 |
| 1.7.2021-31.12.2021 | 95.193 |
| 2022 | 113.298 |
| 2023 | 245.406 |
| 2024 | 143.251 |
| 2025 | 189.668 |
| Síðar | 761.860 |
| | 1.736.825 |

## 10. Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði

| | 30.6.2020 | | 31.12.2019 | |
|---|---|---|---|---|
| | Bókfært verð | Gangvirði | Bókfært verð | Gangvirði |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir | 1.736.825 | 1.997.173 | 1.801.949 | 1.970.328 |

Gangvirði annarra fjáreigna og fjárskulda er metið jafnt bókfærðu verði þeirra.

Við útreikning á gangvirði vaxtaberandi langtímaskulda er notað vaxtaróf undirliggjandi mynta við núvirðingu á væntu sjóðstreymi.

| Vextir greinast þannig: | 30.6.2020 | 31.12.2019 |
|---|---|---|
| Vaxtaberandi skuldir ISK | -0,6 til 0,2% | 0,8 til 1,2% |
| Vaxtaberandi skuldir aðrar en ISK | -0,6 til 0,8% | -0,7 til 2,0% |

## 11. Flokkun gangvirðis

Taflan sýnir stigskiptingu þeirra liða árshlutareiknings sem færðir eru á gangvirði.

| | Stig 2 | Stig 3 | Samtals |
|---|---|---|---|
| **30.6.2020** | | | |
| Innbyggðar afleiður | | ( 16.915) | ( 16.915) |
| Aðrar afleiður | ( 1.031) | 0 | ( 1.031) |
| Endurmat rekstrarfjármuna | | 224.363 | 224.363 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | | 513 | 513 |
| | ( 1.031) | 207.961 | 206.930 |

## 11. Flokkun gangvirðis, frh.:

| **31.12.2019** | **Stig 2** | **Stig 3** | **Samtals** |
| --- | --- | --- | --- |
| Innbyggðar afleiður | | 2.711 | 2.711 |
| Aðrar afleiður | ( 692) | ( 7.536) | ( 8.228) |
| Endurmat rekstrarfjármuna | | 230.000 | 230.000 |
| Eignarhlutar í öðrum félögum | | 587 | 587 |
| | ( 692) | 225.762 | 225.070 |

## 12. Áhrif COVID-19 faraldursins á afkomu og stöðu Landsvirkjunar

Eins og fram kemur í skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og forstjóra hefur COVID-19 veirufaraldurinn haft umfangsmikil áhrif á rekstrarumhverfi Landsvirkjunar sem hefur unnið markvisst að því að takmarka þessi áhrif. Áhersla hefur verið lögð á örugga vinnslu og afhendingu raforku, samhliða því að tryggja heilsu og öryggi starfsmanna. Auk þess vinnur Landsvirkjun að því að styðja við viðskiptavini á stórnotendamarkaði með því að bjóða þeim sérstök viðskiptakjör í 6 mánuði, frá 1. maí til 31. október 2020. Þetta felur í sér lækkun raforkuverðs um allt að 25%.

Afurðaverð stærstu viðskiptavina Landsvirkjunar (t.d. verð á áli og kísilmálmi) hefur farið lækkandi undanfarin misseri, m.a. vegna offramleiðslu og birgðasöfnunar, samhliða því að raforkuverð á erlendum raforkumörkuðum hefur lækkað vegna lækkandi verðs á jarðefnaeldsneyti og minnkandi eftirspurnar á þessu ári vegna COVID-19. Þessi þróun hefur sett þrýsting á rekstrartekjur Landsvirkjunar sem eru 33 milljónum USD lægri á fyrstu sex mánuðum ársins 2020 en þær voru á sama tíma árið 2019. Rekstrartekjur á öðrum ársfjórðungi lækka um 26 milljónir USD frá sama tímabili árið áður og 25 milljónir USD frá fyrsta ársfjórðungi ársins 2020. Hagnaður fyrstu sex mánuði ársins er 28 milljónum USD lægri en á sama tímabili árið áður og eru það meðal annars lægri vaxtagjöld sem vega á móti áhrifum lægri tekna.

Undanfarin ár hefur Landsvirkjun lagt mikla áherslu á að styrkja efnahagsstöðu sína. Með því að greiða markvisst niður skuldir og hækka þar með eiginfjárhlutfall er fyrirtækið í sterkri stöðu til að takast á við þær aðstæður sem nú hrjá íslenskt samfélag og efnahagslíf.

## 13. Önnur mál

Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra skipaði starfshóp á árinu 2019 í þeim tilgangi að skoða framtíðarfyrirkomulag eignarhluta Landsvirkjunar í Landsneti. Landsnet annast flutning raforku og stjórnun raforkukerfa. Landsvirkjun á 64,7% hlutafjár í Landsneti.